

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/834*  
*komudagur 11.2.2009*

**Til viðskiptanefndar Alþingis**

**Frá Vilhjálmi Bjarnasyni**

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.**

Undirritaður telur að embætti bankastjóra í Seðlabanka sé eitthvert ólýðræðislegasta embætti í allri stjórnarsýslu. Þess vegna er það vandasamt hvernig því valdi er fyrir komið í stjórnarsýslunni. Þegar af þeirri ástæðu tel ég að það sé beinlínis hættulegt að vald bankastjórnar sé í höndum eins manns og lítið jafnræði milli bankastjórans, framkvæmdavaldsins og löggjafarvaldsins, sér í lagi þar sem í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að hægt sé að víkja bankastjóra úr starfi vegna verulegs ágreinings.

Eins og fyrr segir, er gert ráð fyrir einum bankastjóra í Seðlabankanum með þessari breytingu. Jafnframt er gert ráð fyrir að sett verði á stofn peningastefnunefnd. Þar skipar bankastjóri 2 af embættismönnum bankans, sem eru væntanlega ráðnir af honum, auk tveggja sem forsætisráðherra skipar samkvæmt tilnefningu bankastjórans. Í reynd virðist sem bankastjóri hafi íhlutun um alla meðlimi í peningastefnunefnd. Slíkt getur vart gefið fyrirheit um frjóa hugsun í peningastefnunefnd. Fyrirkomulag þetta er andstætt öllum lýðræðishugmyndum og er engum manni eða konu holt að hafa á hendi.

Peningastefnunefnd, sem fer með ákvörðunarvald, eins og hún kemur fram í frumvarpinu gefur jafnvel tilefni til að álykta að bankastjórar verði 5 og 2 í hlutastörfum. Slíkt vekur upp spurningar um óhæði bankastjóra Seðlabanka.

Ef það er vilji Alþingis að koma á fót peningastefnunefnd til ráðgjafar fyrir bankastjórn, þá er rétt og eðlilegt að slík nefnd sé til ráðuneytis fyrir fjölskipaða bankastjórn en þá er að sjálfsögðu rétt að taka af vafa um það hver fer með hið endanlega ákvörðunarvald.

Þá er einnig mikið álitamál um þær menntunarkröfur, sem gerðar eru í frumvarpinu. Með þessum kröfum er útilokað, að þeir sem hafa lokið cand. oecon. námi frá viðskiptadeild / viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands standist hæfiskröfur, svo og ýmsa aðra sambærilega menntun við meistaraþróf í hagfræði, sem metin er gild á fjármálamörkuðum.

Með vinsemd og virðingu,

Vilhjálmur Bjarnason

GSM 895 6280